

Fréttabréf

KJÖTAFURÐASTÖÐVAR KS OG SLÁTURHÚSS KVH

FEBRUAR 2020

Ágætu bændur

Nú þegar árið 2019 er liðið er ágætt að líta aðeins um öxl og fara yfir það hvernig til hefur tekist. Það er ekki síður mikilvægt að horfa fram á veginn, meta möguleikana og byggja á reynslu liðins tíma.

Í þessu fréttabréfi verður stiklað á nokkrum atriðum er varðar rekstur afurðastöðvanna og þar með bændur.

Sauðfjárræktin

Staðan í sauðfjárræktinni er mikið breytt. Í upphafi sláturtíðar voru birgðir í sögulegu lágmarki. Eftir að verð til bænda lækkaði mikið árið 2016-17 hafa bændur dregið úr framleiðslu og núna annað haustið í röð er verulegur samdráttur, og útlit fyrir áframhaldandi samdrátt næsta haust. Mikilvægt er að hagur greinarinnar vænkist, þannig að bændur sjái sér fært að halda áfram og við missum ekki framleiðsluna of mikið niður.

Mikið var talað um vöntun á lambakjöti fyrir innlendan markað á sl. sumri. Sú umræða var orðum aukin. Það er alveg ljóst að íslenskir neytendur voru ekki að kalla eftir innfluttu lambakjöti, enda þar sem það er í boði með réttri upprunamerkingu, er lítill sem enginn áhugi fyrir því. Íslenski markaðurinn er mikilvægasti markaðurinn okkar og mikilvægt að tryggja íslenskum neytendum góðan aðgang að innlendri

framleiðslu. Það gerum við best með góðu samstarfi og viðskiptasamningum við söluaðila. Það samstarf þarf að þróast, því þessir aðilar þurfa og vilja vinna saman að markaðssetningu innlendrar framleiðslu.

Með minnkandi framleiðslu, minnkar útflutningur og eðlilega detta lélegustu markaðirnir fyrst út. Þegar jafnvægi er milli framboðs og eftirspurnar þá eiga betur borgandi markaðir að geta stutt við afkomu í greininni. Eitt af því sem veikir stöðu okkar þegar kemur að hámarksverðmætasköpunar er að hafa ekki haft aðgang að Kínamarkaði undanfarið. Afurðastöðvar sem hafa haft þann aðgang ættu að geta greitt um 30-40% hærra verð til bænda en þeir sem ekki hafa haft slíkan aðgang. Við megum því ekki gefast upp í þeirri baráttu, þótt nú séu blikur á lofti. Áfram þarf að vinna að því að leyfi fáiast fyrir öll sláturhús landsins.



Sláturtíðin

Sláturtíðin sl. haust gekk vel. Hún hófst á hefðbundinn hátt með forslárun hjá Sláturhúsi KVH á Hvammstanga (SKVH) sem hætti svo að slátra nokkrum dögum fyrir en Kjötafurðastöð KS (KKS), sem kláraði það sem eftir stóð í lok október.

Alls var slátrað 91.575 lömbum og 5.229 fullorðnu hjá SKVH og var meðalvigt lamba 17 kg sem er þyngra en áður hefur verið. Hjá KKS var slátrað 99.080 lömbum og 15.043 fullorðnu og var meðalvigtin aðeins léttari en árið á undan eða 16,56.

Með nýjum innleggjendum náðum við að halda sama kjötmagni og haustið 2018, þrátt fyrir talsverðan samdrátt milli ára í heildar landsframleiðslu. Magn heimtöku var með svipuðu móti, þó heldur minni en árið á undan.



Markaðsmál

Innanlandsmarkaður er okkar besti markaður.

Mikið magn af lambakjöti fer í gegnum Esju kjötvinnslu sem þjónustar aðallega veitinga- og stórelldhúsamarkaðinn. Rekstur Esju, sem er í eigu Kaupfélags Skagfirðinga, gekk illa á árinu 2018, en mun betur 2019. Í haust gerðum við stóran viðskiptasamning við Haga um lambakjöt. Samningurinn tryggir verslunum og kjötvinnslu Haga allt það lambakjöt, sem þeir áætla að þeir þurfi fram að næstu sláturtíð. Markmiðið með samkomulagi þessu er m.a. samstarf um að stuðla að vöruþróun og góðu aðgengi að vörunni fyrir íslenska neytendur. Jafnframt var gerður samningur við Kjötkompaníið um viðskipti með það lambakjöt sem þeir þurfa. Kjötkompaníið rekur tvær sælkerabúðir ásamt veislubjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Frá því að Costco opnaði hefur KKS/Esja



verið þeirra birgi í lamba- og nautakjöti og tekið þátt í því að setja fram vöruna með svolítið nýjum hætti. Það hefur vakið verðskuldaða eftirtekt og viðtökur. Í haust varð hins vegar breyting á, þegar annar sláturleyfishafi bauð Costco viðskipti á verulega lægra verði fyrir lambakjöt, boð sem Costco gat ekki hafnað. Nú í byrjun febrúar gerðist það síðan að Costco óskaði eftir því að færa viðskiptin aftur til okkar. Höfum við því tekið við þeim viðskiptum aftur á þeim verðforsendum sem upp var lagt með í haust. Einhvern tíma mun þó taka að ná sölunni á lambakjöti aftur upp í Costco. Markmið okkar er að það náist fyrir páska.

Kjötmarkaðurinn ehf. er stór kaupandi af lamba- og stórgripakjöti, en viðskiptin við það fyrirtæki hafa vaxið og dafnað á undanförunum árum. Eigandi Kjötmarkaðarins er Guðmundur Gíslason

sem áður hafði verið sölumaður hjá KS á höfuðborgarsvæðinu í mörg ár.

Aðrir sláturleyfishafar stækka einnig sem viðskiptavinir hjá KKS/SKVH þar sem hlutfallslega meira innlegg er nú hjá okkur. Þannig að ekki verður annað sagt en að á innanlandsmarkaði í dag sé góð eftirspurn eftir lambakjöti.

Framleiðsla á hangikjöti hjá SKVH gekk vel fyrir jólin og mæltist kjötið mjög vel fyrir hjá neytendum. Ljóst er að starfsfólk SKVH hefur lagt sig mikið fram við að ná góðum tókum á þessari framleiðslu og eiga þau þakkir skilið fyrir það. Stefnt er að því að auka verulega framleiðslu á reyktem vörum á árinu.

**Á innanlands-
markaði í dag
er góð eftirspurn
eftir lambakjöti...**



Útflutningur

Útflutningur sl. haust var minni en áður, eins og komið hefur fram, og skýrist það fyrst og fremst af minni heildar framleiðslu lambakjöts. Innanlandsmarkaður hefur haldið sér nokkuð og rúmlega það. Það þýðir minni þörf á útflutningi.

Helsta breytingin í haust var þó út af öðru. Whole Foods hætti að kaupa íslenskt lambakjöt en 2018 fóru um 200 tonn þangað. Óraunhæft var að uppfylla kostnaðarsamar kröfur sem þeir gerðu og vildu ekki víkja frá. Ekkert fór til Færeyja frá okkur þar sem ekki náðust samningar um verð og mun minna á Noreg og Svíþjóð af sömu ástæðum. Helstu markaðir okkar í haust voru Bretland en þangað seldust um 750 tonn og til Spánar rúm 250 tonn, sem er nánast sama magn og 2018 á bæði lönd. Rúm 100 tonn fóru af feitustu skrokkunum til Japans til kaupanda sem keypt hefur slíka skrokka frá Íslandi í áratugi. Annar kaupandi í Japan hefur verið að þróa með okkur viðskipti inn á veitingageirann þar í landi. Icelandic lamb hefur komið að því verkefni ásamt öðru sem við höldum á og er undir merkjum Pure Arctic sem markaðssett er í Danmörku. Fyrirhugað er að fara inná fleiri norðurlönd með þessa markaðssetningu.

Sala á hliðarafurðum gekk nokkuð vel. Hausar, lappir og bein fóru á Afríkumarkað eins og áður og einnig fóru 7 gámar af aukaafurðum til Asíu. Allar lambagætur eru

seldar sem og litaðar ærgætur. Svo virðist vera að markaður fyrir hvítar ærgætur sé hreint ekki til staðar lengur og erum við með verkefni í gangi sem gengur út á það að finna þeim einhvern jákvæðan farveg. Allt ærkjöt er selt en það fer að mestu á Bretland og Spán.

Pegar vel árar í útflutningi þá skýrist það á einfaldan hátt með framboði og eftirspurn á hverjum tíma og síðan gengisþróuninni. Það sem mestu hefur skipt að undanfögnu er mikil eftirspurn á mörkuðum nær okkur sem skýrist af minna framboði frá stóru framleiðsluríkjunum Nýja-Sjálandi og Ástralíu, sem kemur til vegna mikillar eftirspurnar í Kína. Kínverjar hafa tekið mjög mikið til sín á háum verðum sem leitt hefur til þess að verð á heimsmarkaði hefur hækkað. Ástæðan fyrir mikilli eftirspurn í Kína er svínaflensa sem herjað hefur á bústofna þar í landi. Nú eru hinsvegar blikur á lofti vegna annarrar og alvarlegri hættu sem felst í veirusýkingu (2019-nCoV) sem leggst á fólk. Baráttan við að hefta útbreiðslu þessa sjúkdóms, mun klárlega hafa í för með sér breytta mynd af heimsmarkaði í nánustu framtíð og getur jafnframt haft áhrif á sölu matvæla hér á landi. Nú þegar hefur sauðfjárafurðaverð í Nýja-Sjálandi lækkað um rúm 20% á skömmum tíma og áætlað að það muni lækka enn frekar.



Birgðastaða

Birgðastaða um áramót er áætluð að dugi fyrir okkar innlendu kaupendur, miðað við þá samninga sem gerðir hafa verið.

Áætlað er að einungis eigi eftir að fara

5–7 gámar í útflutning til viðbótar en það er að mestu vara sem þegar er seld. Því gerum við ráð fyrir því að birgðir munu ganga upp fyrir næsta haust.



Næsta sláturtíð

Stefnt er að því að hefja forslátrun í 35. viku og verða álagsgreiðslur sem hér segir:

Vika	35	36	37	38 og til loka
Álag	20%	15%	7,50%	0%



Stefna KKS og SKVH er að bæta við sig innleggjendum og auka talsvert slátrun á sauðfé. Við munum reyna að stilla slátrunina af milli sláturhúsanna þannig að sem besta nýting verði á aðstöðu og mannskap í hvoru húsi.

Þegar verð var gefið út í haust þá var það tekið fram að staðan yrði svo metin eins og vanalega þegar liði að áramótum. Allt sem farið hefur verið yfir hér á undan hefur að mestu haft jákvæð áhrif á reksturinn og því er tilefni til þess að greiða viðbætur á verð haustsins fyrir allt innlagt lambakjöt.

Viðbótargreiðslan nemur 6% ofan á grunnverðskrá lambakjöts haustsins 2019 og verður reiknisfærð 28. febrúar.

Með þessari viðbót verður meðalverð fyrir dillkakjöt eins og það flokkaðist hjá KKS og SKVH 484 kr/kg og heildar viðbótargreiðsla frá báðum afurðastöðvum nemur alls rúmunum 85 milljónum.



Nautgripaslátrun

Nautgripaslátrun fór á fullt aftur eftir sláturtíð en sami háttur var hafður sl. haust eins og haustið áður að samið var við sláturhús B.Jensen um slátrun stórgripa fyrir okkur í sláturtíð.

Esja vinnur um 120-130 gripi á viku sem koma frá Sláturhúsinu á Hellu, KKS og B.Jensen. Esja er stærsti einstaki úrvinnsluaðili á íslensku nautakjöti hér á landi og skiptir miklu máli að hafa gott bakland varðandi gripaframboð. Að auki þá seljum við um 40 gripi á viku í Ferskar kjötvörur (Haga).

Samkeppnin í þessari kjötttegund er hörð gagnvart innflutningi og fer ört harðnandi með auknum innflutningi og lægri tollum. Því finnum við sérstaklega fyrir þegar kemur að vinnslu-/hakkefni og einnig varðandi nautalundir. Því hafa safnast upp birgðir og þess vegna var farið í það 1. desember sl. að lækka verð á kýrkjöti til bænda. Nú í byrjun árs tóku gildi nýjar reglur gagnvart innflutningi og verður fróðlegt að



fylgjast með hvaða áhrif þær munu hafa á innflutning og þá á markaðinn.

Sláturleyfishafar í samráði við Matvælastofnun hafa verið að vinna að samræmingu á mati á skítugum sláturgripum og meðferð á þeim. Krafan er að gripir séu hreinir. Þetta er fyrst og fremst gert til þess að uppfylla kröfur um heilnæmi matvæla. Reynist brotalöm á þessu getur komið til verðfellingar eða jafnvel förgunar á afurðum. Það er trú okkar að með bættum stofni, góðri fóðrun og umhirðu, þá sé hægt að ná góðum árangri í nautakjötsframleiðslu.

Með bættum stofni, góðri fóðrun og umhirðu, er hægt að ná góðum árangri...



Hross og folöld

Áhersla hefur verið lögð á aukna slátrun á hrossum og folöldum hjá KKS.

Mikið hefur verið unnið í markaðsetningu á þessum vörum erlendis og þá

aðallega í Japan sem og hér innanlands. KKS greiðir hærra verð fyrir þessar afurðir heldur en aðrir sláturleyfishafar.

Framkvæmdir og þróun

Á liðnu sumri fengum við til okkar nýsjálenskan ráðgjafa Mike Nidd frá fyrirtækinu Proand til þess að vinna með okkur plön að næstu breytingum hjá KKS.

Mike hefur nokkrum sinnum áður komið að svona verkefnum hjá KKS eða allt frá árinu 2003 þegar hann kom fyrst til Íslands. Áherslan núna eins og stundum áður er nýting og afköst. Markmið okkar er að uppfæra reglulega afurðastöðina

til samræmis við þróunina á heimsvísu í þessum iðnaði og skipa okkur þannig í fremsturöð. Það er okkarmatað enn sé hægt að ná út mikilli hagræðingu með bættri afkastagetu í slátrun og úrvinnslu, sem og nýtingu aukaafurða. Með smá breytingum á sláturlínu, stækkun skrokkakælis og auknum afköstum í frystingu ætti hæglega að vera hægt að slátra um 180 þúsund lömbum á sláturtíð sem tæki 11 vikur.

Hönnunin á nýjum frystigeymslum er að komast á teikniborðið aftur og verður unnið að því að fullhanna slíka lausn á þessu ári. Verið er að vinna að því að koma upp gistiaðstöðu fyrir starfsfólk í sláturtíð og stefnt er að því að það verði komið í gagnið fyrir næsta haust. Hjá SKVH er verið að vinna að lokafrágangi að viðbyggingu



Ein mesta áskorunin eru lausnir sem lúta að bættri nýtingu og minnkun lífræns úrgangs...

sem hýsa á skrifstofurými og stefnt að því að klára það á árinu.

Unnið er að hönnun á aðstöðu til fódurframleiðslu fyrir gæludýr en með samdrætti í framleiðslu loðdýrafóðurs, þá þarf að finna fódurstöðinni ný verkefni. Ein mesta áskorun í matvælaframleiðslu eru lausnir sem lúta að bættri nýtingu og minnkun lífræns úrgangs. Einn af möguleikumnum er að verða stór framleiðandi gæludýrafóðurs. Í sl. sláurtíð tók fódurstöðin á móti tæpum



1 þús. tonnum af innmat og öðrum aukaafurðum frá sauðfjárslátrun og flutti út sem hráefni til gæludýrafóðurgerðar. Stefna okkar er að fullvinna þessar afurðir hér heima.

Lokaorð

Í fréttabréfi þessu hefur verið farið yfir það helsta sem lítur að rekstri afurðastöðvanna. Það er alveg ljóst að við viljum halda áfram að byggja upp öflugan rekstur afurðastöðvanna og fá fleiri bændur í viðskipti við okkur. Við stefnum á að vera með bændafundi fyrir páska og verða þeir auglýstir þegar nær dregur.

Fyrir hönd Kjötufurðastöðvar KS og Sláturhússins á Hvammstanga vil ég þakka bændum fyrir viðskiptin og samstarfið á árinu sem leið og óska ykkur farsældar á árinu 2020.

Ágúst Andrésson

forstöðumaður Kjötufurðastöðvar KS



ÚTGEFANDI Kjötufurðastöð KS | ÁBYRGÐARMAÐUR Ágúst Andrésson | UMSJÓN Edda Þórðardóttir | UPPSETNING & PRENTUN Nýprent ehf.

